

SANNÝALL

I

Svo virðist mér þetta fimmta bindi Nýals vel mega heita, og er þar aðeins með áherslu nokkurri sagt, að hið nýja sem verkið flytur sé sannleikur. Og er rétt að ég brýni um leið fyrir mönnum, að auðveldara verður að hafa bókarinnar full not, ef þeir lesa einnig fyrri bindin. Munu menn t. d. hafa ennþá meira gagn og gaman af sögu Frímanns, ef þeir hafa áður lesið þann kafla Framnýals sem heitir Náttúrusaga Vítis. Og veit ég nú raunar vel, að þeir eru margir, sem munu taka Sannýal feginn hendi, af því að þeir hafa lesið fyrri bindin, auk ýmissa ritgerða minna annarra, sem ekki eru í þessu verki.

II

Mennirnir sem gera mér það kleift að koma þessu verki af, eru þeir sem svo vel eru innrættir, að láta sér skiljast, að ég er ekki að gabba þá eða blekkja á nokkurn hátt, þegar ég segi þeim, að um mjög áríðandi sannleik og þekkingarauka er að ræða. En til þess að sannleikurinn geti að notum komið, verður vitanlega að þiggja hann og treysta honum. Og þarf í því efni að vera mun betur en verið hefur.

Nú eru víða í útlöndum Íslendingar, sem bæði hafa vit og menntun til að geta vakið athygli á því verki, sem ég er að vinna, og drengskap hefðu til að vilja stuðla að því, að ekki komi að sök, að ég hefi lagt svo mikla rækt við að skrifa íslensku, þó að ég geti skrifað nokkur önnur mál svo skilja meg. En lítil brögð munu þó vera að því ennþá að Íslendingar í útlöndum hafi leitast þar við að vekja athygli á hinum íslenska málstað, og má gera ráð fyrir að þar muni miklu, eða jafnvel mestu um valda, skortur á þjóðlegu

sjálfstrausti. Og þakklátur er ég dönskum jarðfræðingum og jarðfræðifélaginu danska fyrir þann sóma, sem mér hefir verið sýndur með því að kjósa mig þar heiðursfélaga, ekki síst vegna þess, að íslenskum gáfumönnum er með því gert auðveldara að skilja, hversu óviturlegt væri að ímynda sér, að ekkert sé leggjandi uppúr þeim rannsóknum mínum, sem ég hefi þó haft miklu betri ástæður til að stunda en jarðfræðina. Því að þar stóð mér, auk annars, mjög fyrir þrifum, að ég átti þess hvergi nærrí kost, að ferðast eins og þurft hefði.

III

Ennýall er sá hluti verksins, sem er í fæstra höndum ennþá, og er það skaði mikill, því að þar er um að ræða nauðsynlegt framhald af Nýal, og undirbúning svo margs sem ég hefi ritað síðar. En misprentanir í Ennýal eru sumar nokkru alvarlegri en ráða mætti af orðum mínum í Framnýal, s. 336. Setning efst á s. 208* í Ennýal, (1. útg.), sem óskiljanleg er sakir misprentunar, á að vera þannig: „Tillauninni til að skapa fullkomíð mannfélag er haldið áfram í hinum endursköpuðu líkönum“ o. s. frv.

Á s. 15*, þar sem minnst er Alþingishátiðarinnar, sem þá var framundan, hefir eitthvað fallið úr, og man ég ekki, hvernig á að leiðréttu það, enda setningin ekki eins áríðandi og hin. En þar sem ég hefi sumt ekki rétt sagt fyrir um þá hátið, þá er þess að gæta, að ég gerði ráð fyrir, að skilningurinn á hlutverki íslensku þjóðarinnar mundi verða betur á veg kominn en reyndist. Og enn kemur þar til greina að Alþingishátiðinni var, að ekki óverulegu leyti, hagað öllu fremur eins og þar væri verið að minnast þúsund ára afmælis kristnitökunnar.

IV

Það mun síðar verða talið eitt það sem eftirtektarverðast er á þessum tínum, að nú, þegar svo miklu meiri peningar eru fyrir hendi í landinu en nokkru sinni áður, hefir ekki,

*) Leiðrétt í 3. útg.

svo séð verði, neinum komið til hugar, að nokkru fé væri verjandi til stjörnusambandsstöðvar slíkrar, sem ég hefi svo oft minnst á. Og mundi þó slík stofnun hafa, án nokkurs samjafnaðar, bles sunnar ríkari afleiðingar fyrir íslensku þjóðina en nokkuð, sem hér hefir verið ráðist í áður. Með slíku fyrirtæki væri íslenska þjóðin ekki sporgönguþjóð framar, eins og hún hefir verið um svo margt, og hlaut að vera, sakir smæðar sinnar, heldur forgönguþjóð, og það í stærsta máli jarðar vorrar, því mál, sem mundi hefja mannkyn vort á hærra stig, og það jafnvel svo, að horfið yrði af helvegi.

V

Og að endingu svo það, sem ekki væri rétt að láta alveg ógetið.

Allir þekkja snilldarsögu Snorra af smíði gripanna, sem Ásum var svo mikils virði að eignast, og flugunni, sem „kroppaði svo fast“, að við sjálft lá, að ekki yrði smíðað. Má segja að nokkuð líkt hafi verið fyrir mér, illur erfiðleiki á að koma verkinu fram, og þó svo auðvelt úr að bæta, ef menn hefði reynst mér nokkru betur, að ég hefi komist nokkuð nærrí því stundum, að skilja hvernig þeim muni í skapi, sem vinlausir eru, og eiga þó síst skilið. En það þarf ekki að efa, að það verk, sem ég hefi verið að reyna til að koma af, er í allra þágu unnið.

Maí, 1943